

## AUGLÝSING

**um staðfestingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á sameiningu  
Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs  
og Seyðisfjarðarkaupstaðar í eitt sveitarfélag.**

Með vísan til 124. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, tilkynnir ráðuneytið að það hefur í dag staðfest sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, í umdæmi sýslumannsins á Austurlandi, í eitt sveitarfélag.

Boða skal til sveitarstjórnarkosninga þann 19. september nk. og kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, auk átta fulltrúa og átta til vara með beinni kosningu í fjórar heimastjórnir sveitarfélagsins. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn hins sameinaða sveitarfélags þann 4. október 2020 og á sama tíma tekur sameiningin gildi.

Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéðaðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem gilda mun fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett ný samþykkt, hefur verið birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 190/2020. Ráðuneytið hefur einnig staðfest breytingu á 14. og 36. gr. samþykktarinnar og hefur staðfestingin verið send Stjórnartíðindum til birtningar. Heiti hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Íbúar allra sveitarfélaganna skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags. Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum fjórum. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags. Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjögurra kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningar, nema annað verði ákveðið.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 16. júní 2020.*

F. h. r.

**Ragnhildur Hjaltadóttir.**

*Hermann Sæmundsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 1. júlí 2020